

## Umhverfisstefna Kvennaskólans

Kvennaskólinn í Reykjavík hefur umhverfismál á stefnuskrá sinni og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið í skólastarfinu og í stefnumótun skólans. Í skólanum starfar umhverfisnefnd og lögð er áhersla á að skólinn setji sér skýr markmið í umhverfismálum. Markmiðin snúa bæði að ytra og innra umhverfi skólans en einnig að aukinni fræðslu og virkni nemenda og kennara í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Áhersla er lögð á skapandi lausnir og að efla jákvætt viðhorf innan skólasamfélagsins til umhverfismála. Stefna skólans í umhverfismálum er einföld og skýr. Auk þess að halda uppi merki umhverfisverndar í verki, verður fylgst vel með nýjungum í málaflokknum. Umræðunni um mikilvægi umhverfisverndar verður haldið sívakandi og frjórri. Skólinn stefnir að því að flagga grænfána Landverndar.

### Helstu markmið:

- Að flokka allt rusl.
- Að fá grænfánann og viðhalda honum.
- Að skapa sér gott orðspor á sviði umhverfismála.
- Að vinna að skapandi lausnum í umhverfismálum.
- Að hvetja nemendur og starfsmenn til þess að nota umhverfisvænar samgöngur.
- Að minnka pappírshotkun.
- Að útskrifa nemendur sem bera virðingu fyrir umhverfi sínu og eru meðvitaðir um umhverfismál.
- Að meta árangur í umhverfismálum innan skólans, kynna það sem vel er gert og lagfæra það sem betur má fara.
- Að hafa sérstakan dag tileinkaðan umhverfismálum a.m.k. einu sinni á ári.

### Umhverfisnefnd skólaárið 2011-2012:

- Ásdís Arnalds (kennari)
- Berglind Hreiðarsdóttir (nemandi)
- Birta Þórsdóttir (nemandi)
- Elínborg Ragnarsdóttir (kennari)
- Emilía Jónsdóttir (umsjónarmaður)
- Hlín Baldvinsdóttir (nemandi)
- Hrönn Kjartansdóttir (nemandi)
- Kristín Marín Siggeirsdóttir (kennari)

## **Staðan í umhverfismálum**

- Mætti vera betri en fer þó batnandi. Skólinn er að taka sín fyrstu skref að umbótum í umhverfismálum.
- Umhverfisnefnd er starfandi í skólanum þar sem nemendur, kennarar og starfsmenn eiga fulltrúa.
- Sorp er flokkað, flöskum og dósum komið í endurvinnslu, rafhlöðum fargað á viðurkenndan hátt og pappír er flokkaður. Sérmerktum ruslatunnum á göngum skólans hefur verið fjölgað svo auðveldara sé fyrir nemendur að flokka ruslið.
- Umhverfisvænir plastpokar eru notaðir í ruslafötur.
- Í skólanum er notaður umhverfisvottaður pappír.
- Dregið hefur verið úr notkun hreinsiefna við þrif og eingöngu notuð umhverfisvæn hreinsiefni.
- Skólinn er heilsueflandi skóli.
- Nemendur hafa greiðan aðgang að drykkjarvatni í öllum byggingum skólans.

## **Helstu verkefni næsta skólaárs**

- Koma á fót sérstökum umhverfisdegi í upphafi skólaárs til þess að auka þátttöku, virkni og áhuga nemenda varðandi umhverfismálin og hvernig má bæta þau.
- Að auka þátttöku og áhuga á umhverfismálum með alls konar verkefnum sem auka fræðslu og virkni nemenda og starfsfólks Kvennaskólans á umhverfismálum.
- Að auka fræðslu um umhverfismál með skapandi verkefnum til dæmis með því að láta nemendur búa til plaköt, tónlist og fleira sem tengist umhverfismálum. Þetta mætti til dæmis gera með alls konar keppnum milli bekkja og svo framvegis og í tengslum við Tjarnardaga.
- Að stórbæta umgengni innandyra sem utan og gera stórátak í tyggjóklessuvandamálum.
- Hvetja fólk til bættrar umgengni utanhúss og gera umhverfið fyrir utan skólabyggingarnar þannig úr garði að það beri aukið álag sem hlýst af því að nemendur fara á milli þriggja skólahúsa.
- Að minnka pappírnotkun nemenda og kennara til dæmis með því að láta skila verkefnum rafrænt og nota Laupinn enn betur. Einnig þarf að fá prentara sem prentar báðum megin á blöðin og kenna nemendum og starfsfólki að prenta margar glærur á eitt blað.

- Fylgjast betur með kyndingu, stundum óþarflega heitt í kennslustofunum og er það óþarfa orkueyðsla. Fá kennara og umsjónarmann fasteigna til þess að passa betur upp á ljós og hita í lok skóladags.
- Halda umræðu um mikilvægi umhverfismála gangandi t.d. með því að leggja til að umhverfisfræði verði gerð að skyldufagi í skólanum.
- Að hvetja til þess að skólabækur séu settar á stafrænt form svo að nemendur geti nýtt sér Kindle-spjaldbækurnar.